

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 14.6.2024  
UST202406-114/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Þórshöfn, geymir nr. 2 (T2008/T2208).**

Umhverfisstofnun bárust þann 10. júní sl. þykktarmælingar á einum geymi Olíudreifingar ehf., Þórshöfn. Geymirinn hefur fastanúmerið T2008/T2208 og eigendanúmerið 680.02.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila, við Bakkaveg og Hafnarveg, Þórshöfn. Geymirinn er tvískiptur (A og B) liggjandi stálgeymir, smíðaður árið 2005.

Þykktarmælingar framkvæmdi Andre Sandö hjá HB tækniþjónustu ehf., þann 27. maí 2024. Fram kemur í skýrslunni að þykktarmælir, gel, málband/ UT meter gel og meas. tape hafi verið notað til mælingarinnar. Var belgur geymis mældur ásamt endalokum.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-241652-T2008/T2208-27-MAY-24 frá HB Tækniþjónustu ehf., að geymirinn sé málaður að utan og líti vel út. Fram kemur að blettir hafi mælst í gólfi, frá 0,5-1,5 mm á u.þ.b 400 mm breiðu svæði og að það nái eftir öllum geymi B (T2008). Efnisþykkt er þó alsstaðar að lágmarki 5,5 mm. Samsuður geymis voru skoðaðar sérstaklega vel ásamt öðrum suðum utanvert á geymi.

Meðfylgjandi er skýrsla HB tækniþjónustu ehf., um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum en bendir rekstraraðila á að fylgjast með þeim ryðblettum og pyttum sem fram komu í mælingunni. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
teymisstjóri